



## Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykhólahrepps, fimmtudaginn 8. september 2022 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður, Arnþór Sigurðsson, og Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Arwa Alfadhli skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið. Hún kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust. Þá spurði hún eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 15. júní 2022.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps .

Kynnt minnisblað aðalskipulagsráðgjafa, þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýstum tíma með athugasemdarfresti frá 8. júlí 2022 til 26. ágúst 2022 Aðalskipulags Reykhólahrepps 2021-2033. Í minnisblaðinu eru einnig settar fram tillögur að viðbrögðum við ábendingum.

Farið var yfir athugasemdir sem fram komu á minnisblaði og tillögur aðalskipulagsráðgjafa að viðbrögðum.

*Málinu frestað meðan beðið er frekari gagna. Samþykkt samhljóða.*

3. 2208011 - Aðalskipulag Dalabyggðar 2020 – 2032 ásamt umhverfisskýrslu, umsagnarbeiðni.

*Nefndin gerir engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða.*

4. 2208012 - Aðalskipulag Ísfjarðarbæjar 2008 - 2020, breyting, umsagnarbeiðni.

*Nefndin gerir engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða.*

5. 2206001 - Vistgata í Flatey.

Svar skipulagsdeildar Vegagerðarinnar við fyrirspurn Reykhólahrepps um vistgötur dagsett 12. júlí 2022.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að vegurinn í Flatey verði skilgreindur sem vistgata skv. 9. gr. umferðalaga nr. 77/2019. Samþykkt samhljóða.*

**6. 2208013 - Úthlutun íbúðar, 30 fm íbúð í Reykhólaskóla.**

*Nefndin úthlutar Maríu Rós Valgeirsdóttur íbúðina í Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2208014 - Ófrágengið húsnæði efri hæð Barmahlíðar.**

Formaður gerði tillögu að því ófrágengnu rými Barmahlíðar verði fundið hlutverk t.d. í formi íbúða fyrir eldri borgara. Lagt er til að unnið verði að málin þannig að það rúmist innan fjárhagsáætlunar næsta árs.

*Nefndin samþykkir tillöguna samhljóða.*

**8. 2208015 - Reglur um stuðning við hafnasjóði.**

Lagt fram og kynnt.

**9. 2203002 - Fundargerð 444. Fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.**

Fundargerð lögð fram og kynnt.

**Önnur mál (ef einhver):**

**10. 2209012 - Umsókn um lóð í Flatey.**

Erindi frá Sigurmanni Rafni Sigurmannssyni dagsett 6. september 2022.

*Um úthlutun lóða í Flatey gilda úthlutunarreglur. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að auglýsa lóðir í Flatey. Umsókninni er því hafnað. Samþykkt samhljóða.*

Fundi slitið kl. 12.21

Fundargerð undirrituð með rafrænum undirskriftum.